

MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Dóttir böðulsins 8



MARGIT SANDEMO

SAGAN
UM

Ísfólkið

Dóttir böðulsins 8



Dóttir böðulsins

Sagan um Ísfólkið 8
Dóttir böðulsins

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Bödelns dotter“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-027-1

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

Ísfólkið

Afkomendur Pengils hins illa, um árið 1200



1

AÐSTOÐARMAÐUR BÖÐULSINS gekk undir ýmsum nöfnum, rakkari, böðulsnautur, þrælmenni, náhrak og náttfari.

Hvað sem hann kallaðist, var hann fyrirlitinn af öllum. Böðullinn sjálfur naut vissrar virðingar, blandaðrar ótta og hæðni. Aðstoðarmaður hans var bara fyrirlitinn. Hann var mesta úrhak samfélagsins.

Yfirleitt var hann valinn úr hópi dæmdra afbrotamanna og vantaði því stundum eyrun eða tunguna en ekki hendurnar, þeirra þarfnaðist hann í starfinu. Hann neyddist til að lifa lífinu í skjóli myrkurs, vogaði sér ekki út á daginn, þá var kastað í hann steinum eða hrækt á hann. Af því kom náttfaranafnið.

Böðulsnauturinn í Grásteinshólmasókn var engin undantekning. Hann hafði bæði tungu og eyru af því að eins og margir starfsbræður hans hafði hann beðið um að frá starf böðulsnautar í stað refsingar. Hann var fráhrindandi og geðvondur og heima, í litla húsinu í skógarjaðrinum, lét hann reiði sína í garð samfélagsins bitna á dóttur sinni, Hildu.

Einu sinni á yngri árum hafði Jóel náhrak nefnilega verið giftur. En hann var svo veiklyndur að hann leiddist út á glæpabrautina og dauðhræddur við refsinguna nauðaði hann um að fá að verða rakkari. Hann sat í steininum meðan hann beið þess að staðan losnaði. Þegar hann slapp út eftir eitt ár var konan dáið og það eina sem hann átti var 11 ára dóttir og kofahreysi úti undir skógi. Þá var hann svo bitur og fullur hefnigirni í garð alls og allra að hann fagnaði nýja starfinu... án þess að íhuga hvað fylgdi því. Biturðin hafði bara aukist með árunum og var nú orðin að óblendnu hatri. Sú sem mátti hlusta á allt nöldrið var Hilda litla.

Nú var hún raunar orðin fullorðin fyrir nokkrum árum. Henni sást bregða fyrir annað slagið þegar hún skaust í útihúsin eða þegar hún kom innan úr skóginum með nýtínd ber. En hún kom aldrei nálægt öðru fólki og þeir fáu drykkjubræður sem á árum áður höfðu vanið komur sínar á heimili rakkarans sáu hana aldrei. Nú kom enginn lengur, allir voru búnir að fá nóg af svartagallsrausinu. Aðeins yfirmenn hans komu stöku sinnum til að fela honum verkefni og Hilda faldi sig fyrir þeim.

Svo var það árið 1654, á köldum vordegi.

Andrés Lind af Ísfólkinu var að plægja nýjan akurskika í skóginum ofan við tún Lindigarðs. Í mörg ár hafði hann haft augastað á þessu rjóðri sem góðu akurstæði. Lítið virtist þar um grjót og kjarrið var enn svo veikburða að vandalaust yrði að ryðja því burt.

Þetta árið hafði hann loks látið til skarar skríða. Andrés var orðinn 27 ára en hafði ekki enn eignast konu, ekki komið sér að því. Hann hafði svo sem litið á stúlkurnar í sveitinni en hvergi fundið neinn neista.

Nei, honum féll betur að arka á eftir hestinum með höndina á plógnum og sjá frjósama, dökka moldina velta undan járninu. Þetta yrði góður, lítill akur, það var strax augljóst. Best yrði að byrja með bygg...

Plógjárnið skall á steini og hann stöðvaði hestinn. Þetta var ekki ýkja stór steinn svo Andrés bar hann auðveldlega út að jaðri blettsins. Andrés var fílfsterkur, ungur maður.

Hann kleif upp á allháa klettabrún þar skammt fyrir ofan og horfði yfir sveitina. Lítið útsýni var neðan af akrinum. Hann settist á holtastein og spennti greipar um hnén.

Lindigarður var fallettur að sjá héðan. Húsunum var vel við haldið. Bæði foreldrar hans og afi unnu enn við búskapinn og lögðu metnað sinn í að halda öllu í sem bestu ástandi. Þótt Lindigarður væri ekki eitt af stórbýlum héraðsins taldist það til

betri býla.

Ekki var Grásteinshólmi síðri að sjá og vissulega var húsið þar mun reisulegra. Allt yrði í lagi þar meðan Taraldur, Yrja og Líf höfðu búsforráðin, en hver vissi hvernig færi þegar Mattías Meiden tæki við? Hann var bara læknir, ekkert annað. En hann þyrfti þá bara góðan bústjóra.

Mattías var líka ógiftur enn, þrítugur. Andrés brosti með sjálfum sér. Mattías var einstakur, maður varð glaður bara við að hugsa um hann. Það virtist næstum rangt að hann byndi sig einni manneskju. Manni fannst Mattías vera eign allra. Hjónaband gæti hindrað að hann helgaði sig öllum.

Vitaskuld var eigingirni að hugsa svona. Mattías ætti fyllilega skilið að upplifa innilega ást þótt fram til þessa virtist hann ekki hafa saknað hennar.

Í skógarjaðrinum spottakorn frá stóð lítill, ljótur húskofi. Það fór hrollur um Andrés. Þarna bjuggu náhrakið og dóttirin. Meðan hann horfði þangað greindi hann konu á leið til útikofanna. Það hlaut að vera Hilda. Andrés hafði aldrei séð hana nálægt. Hún hafði bara alltaf verið þarna eins og sjálfsagður hlutur.

Hann mundi eftir henni af samkomum unga fólksins á danssvæðinu í skóginum en síðan voru nokkur ár. Hún stóð milli trjáanna, langt frá glaðværum, háværum skaranum og sást bara sem skuggamynd, dóttir náhraksins. Kæmi einhver of nálægt henni, til að hæðast að henni eða lasta hana, skaust hún óðar inn í skógin og sást ekki meir það kvöldið.

Eins og aðrir hafði hann hlegið að þessari skrýtnu stelpu.

Nú fékk hann hins vegar svolítið samviskubit. Hann var eldri og skildi meira.

Allt var með kyrrum kjörum í byggðinni fyrir neðan í gráma dagsins. Kirkjan var að verða hrörleg. Presturinn hafði talað um að gera þyrfti við turninn í ár en það fengið litlar

undirtektir. Bændum fannst að þeir hefðu ekki ráð á slíkum útgjöldum.

En þetta yrði að gera fyrr en síðar ef turninn átti ekki að hrynja.

Hann sá í þakið á bæ Kalebs og Gabríelu. Þar var nú barnaheimili, auk þess sem þau áttu kjördótturina Elí. Þau höfðu ekki eignast fleiri börn en andvana dótturina. Engum foreldrum gæti þótt vænna um sín eigin börn en þeim þótti um Elí litlu... og fáir mundu lengur að hún var ekki fædd dóttir þeirra. Þetta var hamingjusöm, lítil fjölskylda. Andrés brosti við þá tilhugsun að tíu ár voru milli allra á heimilinu. Kaleb var 36 ára, Gabríela 26 og Elí 16 ára. Hefði dóttir þeirra lifað væri hún sex ára. Líklega var eins gott að hún hafði fæðst andvana. Það hefði verið erfitt fyrir Kaleb og Gabríelu að ala upp barn sem ill arfleifð Ísfólksins hvíldi á.

Sjálfur gat Andrés nú verið öruggur um að eignast bara eðlileg börn svo kannski var mál til komið að hann gerði eitthvað í því...

En fyrst var að finna sér gott konuefni.

Þá lá svo sem ekkert á.

Andrés dró andann djúpt og stóð upp svo brakaði í liðamótunum. Hann yrði að halda áfram ef hann ætti að klára þetta fyrir kvöldið.

Hann hélt lengi áfram, ákvað alltaf að tala eina rák enn... og svo aðra...

Regnskýin sem snertu næstum grenitoppa voru orðin rökkurgrá þegar hann tók síðasta stykkið, inn á milli þriggja stórra holtasteina sem hann ætlaði ekki að reyna að fjarlægja. Þetta virtist kjörinn blettur, sléttur og þar var lítill gróður.

Plógurinn stöðvaðist á einhverri fyrirstöðu.

Andrés gerði aðra tilraun.

Það gekk ekki. Þetta var ekki steinn og ekki heldur trjárót...

það var mýkra.

Andrés laut niður og kippti burt torfu sem var svo laus að það var eins og hún hefði bara legið ofan á. Í sárinu sá hann eitthvað sem líktist taui, þykku vaðmáli.

Hann rykkti upp annarri torfu og hálfrotið andlit blasti við honum.

Andrés hrökk frá eins og hann hefði fengið högg í kviðinn og allt blóðið virtist síga úr höfði hans. Með hröðum handtökum svipti hann plógnum upp úr moldinni, lyfti honum yfir gatið og hvatti hestinn. Þegar þeir voru komnir út af litla þríhyrningnum, spennti hann plóginn frá, settist á bak og reið berbakt heim.

Hann vissi vel að hann hafði rekist á óvígða gröf. Fyrir kom að syndarar voru grafnir utan kirkjugarðs. Ekki hafði orðið slys og engin pest hafði geisað lengi. Ljóst mátti vera að hér hafði verið framið myrkraverk.

Lengra vildi hann ekki hugsa fyrr en hann fengi einhvern með sér. Verst að sýslumaðurinn góði, Dagur Meiden, var ekki lengur á lífi. Nú yrði hann að snúa sér til fógeta sem var ekki sérlega viðkunnanlegur maður.

En Kaleb var líka fróður um lög og rétt. Já, það væri best að senda eftir honum líka.

Sú tilhugsun róaði hann.

Heima á bænum sáu hin Andrés koma þeysandi á vinnuklárnum og fóru út til móts við hann. Afi hans, Ari, 68 ára en teinréttur eins og ungmenni, faðir hans, Brandur, breiðvaxinn og traustlegur, örlítið farinn að grána og elskuleg móðir hans, Matilda, sem alltaf hafði verið þéttvaxin, hafði ekki beinlínis grennst með árunum... þau stóðu þarna öll með spurnarsvip þegar hann fleygði sér af hestinum.

–Andrés minn, sagði Brandur. –Þú ert náfölnur. Hvað kom fyrir?

–Ég fann lík í akrinum þarna uppfrá. Við verðum að kalla

fógetann til strax svo hann saki okkur ekki um að leynd neinu.

–Hvað ertu að segja, drengur? Ég sendi vinnupiltinn eins og skot.

Fógetinn bjó í næstu sókn en samt var stutt að fara, bara yfir ásinn.

–Og Kaleb líka, sagði Andrés.

–Skal gert.

Innan skammt vissi hvert mannsbarn á bænum þetta og allir ruku upp að skógarteignum í smáhópum, sumir forvitnir, aðrir ákveðnir í að vilja ekkert sjá... en fóru samt. Húsbændurnir urðu að hraða sér til að verða á undan og koma í veg fyrir að allt yrði traðkað út.

Andrés stöðvaði mannskapinn við skógarjaðarinn.

–Ekki fara út á blettinn, þið traðkið allt út og þá skammar fógetinn okkur, kallaði hann. –Ef þið viljið endilega sjá þetta verðið þið að gera það af steinunum þarna.

Brandur og Ari virtu líkið fyrir sér.

–Óhugnaður, sagði Brandur. –Ég skil vel að þér hafi brugðið.

Ari sagði hugsandi: –Sjáið bara torfurnar. Þær eru snyrtilega lagðar. Þetta hefur verið gert fyrr í vor.

Fólkið virti fyrir sér fundinn og brást misjafnlega við. Sumir flýttu sér burt, nánast grænir í framan.

–Hver getur þetta verið? spurði hestasveinninn.

–Þetta virðist vera kona, svaraði Andrés. –Er einhvers saknað í sókninni?

Enginn vissi til þess.

Ari var enn að skoða grasið og tiplaði á tánnum milli þúfna.

–Lítið á hér, sagði hann lágt og allir hlustuðu spenntir. –Sjáið hvernig grasið liggur í ferningum. Hver ferningur hlýtur að vera torfa sem skorin hefur verið og sett aftur á sinn stað.

Hin kinkuðu kalli. Þetta var auðskiljanlegt.

–Þetta hefur greinilega verið gert nú í ár. Sjáið svo þetta hérna.

Allir litu þangað sem hann benti. Örskammt frá mátti sjá enn greinilegri ferninga.

–Langar einhvern til að lyfta þeim upp? spurði Ari.

Enginn stökk til.

Annar maður sem stóð nær skóginum benti í ákafa. –Hér eru líka merki um ferninga, húsbóndi.

Ari og Brandur gengu til hans. Það var rétt. Greina mátti ferninga í mosa og grasi á tveimur stöðum.

–Við verðum að bíða eftir fógetanum, sagði Ari ákveðinn. – Getur einhver sótt Mattías?

Allir vissu að Mattías var ljúfi læknirinn. Tvær þjónustustúlkur buðust strax til að fara, fagnar að losna frá óhugnaðinum.

–Sækið prestinn líka, kallaði Brandur á eftir þeim.

Það virtist ekki eins spennandi.

Við hin sagði hann: –Við verðum að signa staðinn, áður en vansæl sál nær valdi á okkur.

Þá mundu konur skyndilega eftir mat sem gæti brunnið við, það yrði að halda áfram að strokka og svo framvegis og margir karlanna hurfu líka.

Mattías kom fyrstur, blíð samúðin uppmáluð og hafði róandi áhrif á alla. Hann vildi ekki hreyfa við neinu fyrr en fógeti hafði sagt sitt en af því sem hann sá var hann sammála hinum um að þetta væri kona, ekki kornung, þar sem hárið var grásprengt, en klædd vönduðum fötum úr besta vaðmáli.

Hann gerði það sem enginn annar hafði árætt, lyfti torfunni við hliðina á höfði hennar.

Margir viðstaddra fólu andlitið í höndum sér en gægðust svo milli fingranna.

Það var eins og þá grunaði... annað lík. Það var kona sem hafði látið lífið nýlega. Maurar og maðkar skriðu burt frá nær ósködduðu andlitinu þegar dagsbirtan féll á þá.

Þessi kona var öllu yngri, líklega rúmlega þrítug. Hún hafði ekki verið fríð. Hárið var enn í snyrtilegum bylgjum.

Enginn sagði neitt en öllum varð ósjálfrátt litið á hina tvo staðina þar sem mótaði fyrir ferningum í gróðrinum.

–Nei, sagði Brandur. –Fógetinn verður að gera það.

Nú hafði fólk frá Grásteinshólma bæst við. Ofar við skógarjaðarinn stóð líka kona alveg hreyfingarlaus og horfði undrandi yfir hópinn. Rakkarinn sjálfur var hvergi sjáanlegur.

–Það fer að dimma, sagði Ari og leit upp í loftið.

–Það verður ekki koldimmt á þessum árstíma, rumdi í einum mannanna.

–Nei, en það er þungskýjað.

Nú komu fógetinn og presturinn nær samtímis og stundu þungan eftir að hafa gengið upp brekkuna. Á hæla þeirra tíndist að fólk úr sveitinni í smáhópum.

–Hvað er nú hér á seyði? spurði fógetinn og brosti breitt. Hann var þýskur eins og flestir fógetar og talaði slæma norsku, mikilfenglegur á hæð og breidd en lengra náði það varla. Hann var fráhrindandi í útliti, með lítil, stingandi augu og þykkar, slappar varir. Það var eins og hann byggist við því versta frá öllum og galt í sömu mynt. Sagt var að hann hugsaði helst ekki um annað en peninga... nema kannski völd. Áhugamálin voru því ekkert sérstök.

Andrés skýrði málið og svipurinn á hinum sagði að þetta væri bara það sem búast mætti við af norskum bændum. Prestinum leið augljóslega illa.

–Viltu ekki lesa bæn fyrir sálum hinna látnu og hreinsa með því loftið af villuráfandi öndum, séra minn? spurði Brandur.

–En við vitum ekki hverjar þessar konur eru, kvartaði sá góði maður. –Ég les ekki bænir yfir forhertum konum.

–Það væri þá þeim mun meiri ástæða til, sagði Ari hvasst. – Jesús snýr ekki baki við syndurum.

Í þessari sveit mótmælti enginn syni Þengils af Ísfólkinu, það vissi jafnvel nýi presturinn.

Hann leit bara snöggt til Ara og las svo bæn um að vansælar sálir mættu öðlast frið.

Eftir það önduðu allir rólegar... en aðeins skamma stund því fógetinn leit upp og sagði:

–Hamingjan góða, það skyldi þó ekki vera...?

Svo slakaði hann á aftur. –Nei, auðvitað ekki.

Allir viðstaddir höfðu þó heyrt þetta. Nú birtist Kaleb og traustvekjandi eins og hann var, færðu margir sig nær honum.

–Hvað flaug þér í hug? spurði Brandur fógetann í ákveðnum tón.

–Nei, það getur ekki verið.

–Út með það strax!

–Uppi í eyðimörkinni, smádölunum hér fyrir ofan... hefur í mörg ár verið talað um úlfmenni, við köllum það varúlf. Kona var rifin á hol fyrir rúmu ári og sést hefur til þrífætts úlfs í skóginum...

Ung stúlka æpti og greip svo fyrir munninn. –Mamma!

–Varúlfur? sagði Ari reiðulegur á svip. –Vertu svo vænn að hræða ekki fólk.

–Ég er að segja að þetta séu bara sögusagnir.

Einhver sagði rólega: –Hér virðast vera fjórar ósigndar grafir. Kannski eru konur í þeim öllum. Kannski heldur hann til hér og nælir sér í konur. Á fullu tungli...

Nokkrar stúlkur skræktu og margir litu upp til að gá að tunglinu en það var hulið skýjum. Enn aðrir litu aftur fyrir sig, inn í skóginn.

–Þrífættur úlfur? sagði einn. –Af hverju?

–Veistu það ekki? gjammaði fógetinn. –Varúlfur er maður sem breytist í úlf á fullu tungli... og stöku sinnum þess á milli líka. Þar sem hann er maður hefur hann ekkert skott. Það er skömm

fyrir úlf. Þess vegna teygir hann aðra afturlöppina upp... og hefur þá bara þrjár lappir til að hlaupa á.

–Úff, sagði skjálfandi rödd í hópnum.

Fógetinn horfði næstum ógnandi á fólkið. –Hafið auga með karli ykkar, konur! Ef eitthvað bendir til þess að hann hafi verið úti um nótt, kallið þá í mig. Skoðið í honum tennurnar! Kannski leynist þar þráður úr taui... eða blóðdropi í andlitinu...

Ari stundi.

–Konur ekki einsamlar ættu að halda sig inni á kvöldin, hélt fógetinn áfram: –Þær eru sérlega lokkandi bráð í augum varúlfs.

–Hættu þessu bulli, sagði Andrés hvatvís. –Þetta er eitthvað frá þínu eigin landi. Það eru engir varúlfar í Noregi.

–Jú, svo sannarlega eru þeir hér, svaraði fógetinn og var nú orðinn æstur. –Hér eru líka birnir sem rífa bæði konur og börn á hol. Við höfum þá ekki heima.

–Jú, Andrés, sagði Ari rólega. –Jafnvel á víkingatímunum var talað um varúlfa. Mér finnst bara ekki hæfa að tala um þá núna, við vitum ekkert um þessar konur. –Ef þetta er varúlfur... því skyldi hann draga óþekktar konur hingað?

–Eru þær það? spurði annar. –Hvernig var með Lísu hans Gústafs? Hún fór burt til að afla tekna í haust og lofaði að skrifa heim. Hún hefur ekki gert það og kom ekki heim um jólin, eins og hún lofaði.

–Fór hún að kvöldlagi? spurði fógetinn.

–Ég veit það ekki. Þú verður að spyrja Gústaf.

–Auðvitað geri ég það, hreytti fógetinn út úr sér.

Á bak við þau dimmdi óðfluga í skóginum. Grásvört skýin héngu rétt yfir trjátoppunum. Fólkið færði sig þéttar saman, enginn vildi vera einn. Hvað sem er gat leynst í þykkninu.

Ari fyrirskipaði að kveikt skyldi á kyndlum og menn komu með skóflur frá Lindigarði og Grásteinshólma. Svo var farið að

grafa, ofur varlega.

Áhorfendur fylgdust spenntir með því sem fram fór en æ oftar varð mörgum litið að hreysinu í skógarjaðrinum.

En fógetinn var víðsýnni.

–Hverjir búa í grenndinni? kallaði hann yfir hópinn. –Hvað heita bæirnir?

Mattías svaraði: –Lindigarður, Grásteinshólmi, kofi böðulsnautarins og hjáleiga Kláusar inni í skóginum.

–Kláus er dáinn fyrir löngu, sagði presturinn. –Og Rósa hans líka.

–Jesper býr þar einn eftir að systir hans gifti sig, sagði Mattías.

–Eru fleiri býli?

–Nei, ekki á þessu svæði.

–Hmm. Fógeti leit rannsakandi á Ara, Brand og Andrés frá Lindigarði og Mattías og Tarald frá Grásteinshólma. Svo festi hann augun á Andrésí.

–Þú þekkir auðvitað þennan blett vel, spurði hann ísmeygilegur.

–Já, en ef þú heldur að ég sé svo heimskur að fela lík og grafa þau svo upp veit ég ekki hvor okkar er heimskari, svaraði Andrés að bragði.

Fógeti virtist sjá að það var rökrétt.

–Það er víst nýbýli í ættinni, Elíbakki. Þessi Kaleb. Hvaðan er hann eiginlega?

–Blöndum honum ekki í þetta, sagði Andrés kuldalega. –Hann er vandaður maður sem við metum öll mikils. Annars geturðu spurt hann sjálfur. Hann stendur fyrir aftan þig.

Fógetinn snarsneri sér við. Hann þekkti ekki hvert mannsbarn í sókninni í sjón og hafði aldrei hitt Kaleb. Hann hörfaði þegar hann sá ljóshærða heljarmennið.

Andrés hélt áfram og tónninn var ögn illkvittinn: –Kaleb er lærður í lögum. Hann gæti hjálpað þér í þessu máli.

Fógetinn tautaði eitthvað um viðvaninga.

–Varla, sagði Andrés. –Kaleb lærði hjá Degi Meiden sýslumanni og sat síðan á lögþinginu árum saman.

Þá þagnaði fógetinn og sagði fátt meðan grafið var. Hann var óvanur svona málum og treysti eiginlega á Mattías, Kaleb og Lindigarðsfeðgana. Í valdsmannslegum tón endurtók hann allt sem þeir sögðu eins og það væru hans orð. Enginn var hrifinn af þessum fógeta, hann þótti sjálfumglaður og hugsaði mest um að ná peningum af fólki.

Einhver kallaði lágt af innsta hluta teigsins, fast við steinana þar:

–Hér er eitthvað líka.

Varlega voru torfurnar fjarlægðar en þarna var erfiðara að sjá hvað undir var. Hér hafði tíminn komið rotnuninni lengra á veg.

–Það er of dimmt, kvartaði Mattías.

–Já, það er of dimmt, bergmálaði fógetinn. –Við höldum þessu áfram á morgun.

–Já, samsinnti Kaleb. –En við skönnum samt allan blettinn í kvöld... til öryggis.

Nokkru síðar var búið að grafa upp litla þríhyrninginn. Fundist höfðu lík fjögurra kvenna. Þrátt fyrir ítarlega leit kom ekki meira í ljós.

Ein hafði verið grafin nýlega, önnur fyrr um vorið en tvær höfðu legið þarna allan veturinn, önnur frá því um haustið, hin frá sumrinu

Hverjar voru þær og hvaðan? Hver hafði myrt þær og hvernig?

Mattías og Kaleb voru að ræða málin við Lindigarðsfeðgana þegar fógetinn kallaði til þeirra. Hann stóð álútur yfir heillegasta líkinu.

Þeir gengu til hans.

–Sjáið þetta, tautaði hann. –Hvað merkir það?

Hann hafði strokið moldina af hendi líksins og lyfti nú upp óhreinni snúru.

–Þetta var vafið um höndina, sagði hann.

Snúran var löng. Hann hélt um endann og teygði upp handlegginn en enn var hönk eftir á jörðinni.

Ari greip upp lykkju. –Hnútar, sagði hann lágt.

–Úr öðruvísi bandi, sagði fógetinn fyrirlitlega. –Níu mismunandi gerðir. Það er þá þannig þakk sem um er að ræða.

Nú var öllum farið að líða illa.

–Þú steinþegir yfir þessu, sagði Ari í viðvörunartón. –Ef það spyrst út grípur um sig móðursýki í allri sveitinni. Við höfum fengið nóg af nornaklandri hér og viljum ekki meira.

Varúlfurinn þinn verður að nægja.

–En við höfum óbyggjandi sönnun, mótmælti fógetinn. –Við náðum norn í næsta þorpi í gær. Það er eitthvert galdrahyski á ferðinni.

–Já, og við rannsökum málið... á morgun. Í kvöld er óráðlegt að vekja ótta sem gæti leitt til þess að fólk gripi til örþrifaráða. Settu menn á vakt hér í nótt og sendu alla aðra heim.

Fógeti herpti munninn en lét undan.

Þegar mannsöfnuðurinn hélt niður hæðina aftur var löngu orðið dimmt.

Jesper var ekki í hópnum. Litla húsið hans var það langt inni í skóginum að ólíklegt var að hann hefði nokkuð heyrt eða séð til fólksins um kvöldið.

Náttfarinn hafði ekki heldur sýnt sig.

Svo fór hver til síns heima og menn ætluðu að hittast að morgni.

Þannig átti það að vera... en ekki fóru allir í háttinn. Dökkir skuggar skutust um í myrkrinu. Þeir vissu ekkert um galdrahnútana og stefndu að öðru markmiði. Þeir lágu í leyni við vegamót... þar til þeir komu auga á fórnarlamb sitt:

Náttfarann.

Nú hefðu þeir ærna ástæðu til að ráðast á bannsettan böðulsnautinn. Hver væri líklegri varúlfur? Auk þess átti hann heima næst gröfunum.

Hið réttláta fólk í sveitinni hélt fyrir munn náttfarans svo hljóðin í honum heyrðust ekki um allt.

Enginn vissi hvað gerðist við vegamótin þar sem þokuhnoðrar næturinnar söfnuðust saman í álfadans.

SNEMMA UM MORGUNINN þegar Andrés var á leið til smiðsins með hest sem misst hafði skeifu fann hann illa útleikna mannveru í vegarskurðinum.

Hann þekkti þegar í stað böðulsrakkarann, þótt varla sæist í hann fyrir blóði og mold. Andrés laut yfir hann og reisti hann upp.

–Hlauptu heim og sæktu kerruna, sagði hann við vinnupiltinn sem var með honum. –Það er líf í honum enn. Farðu svo til smiðsins með hestinn og þaðan til Mattíasar. Biddu hann að koma í litla húsið í skógarjaðrinum. Ég keyri Jóel náttfara heim.

Meðan hann beið eftir piltinum með kerruna sat hann á vegarbrúninni og horfði á ógæfumanninn.

Hugsanir hans voru dapurlegar.

Það sem fannst í hönd látnu konunnar kvöldið áður hafði valdið uppnámi í fjölskyldunni, enda var hún viðkvæm fyrir öllu slíku. Enn var það bara fógetinn sem vissi þetta en ef sögur kæmust á kreik í sveitinni...

Einhver hafði ráðist á Jóel náttfara í nótt, það var öruggt... og að það tengdist líkfundunum. Fólk hafði viljað sökudólg sem auðvelt væri að hefna sín á. En mannfólkið var óútreiknanlegt. Ef í ljós kæmi að annar væri líklegri var viðbúið að fleira gerðist.

Þetta var bara byrjunin, hugsaði hann. Bara byrjunin...